

Ár 2013, fimmtudaginn 3. janúar kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 17. desember 2012.

Bréfið er afrit af bréfi til Sigríðar Bjarkar Sigurðardóttur en þar er sett fram svar við fyrirspurn um skyldu sveitarfélags til greiðslu vegna skólasóknar nemanda í sjálfstætt starfandi skóla. Samkvæmt svari ráðuneytisins er það ekki skylda sveitarfélags að greiða fyrir skólavist barns sem sækir nám í sjálfstætt reknunum skóla í öðru sveitarfélagi.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Þjóðskrá Íslands frá 19. desember 2012.

Í bréfinu er tilkynnt að Daði Tómasson hefur verið tekinn inn á kjörskrá við kosningar til Alþingis, við kjör forseta Íslands og við þjóðaratkvæðagreiðslu til 1. desember 2016.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Þjóðskrá Íslands frá 20. desember 2012.

Í bréfinu er tilkynnt að Margrét Sigrún Wium hefur verið tekin inn á kjörskrá við kosningar til Alþingis, við kjör forseta Íslands og við þjóðaratkvæðagreiðslu til 1. desember 2016.

Lagt fram til kynningar.

1.4. Stracta Construction ehf frá 16. desember 2012.

Í bréfinu er óskað eftir viðræðum við Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar um úthlutun byggingarlóðar vegna uppbyggingar allt að 100 herbergja hótels með veitingastað og fundarsal / sölum.

Bæjarstjóra er falið að ræða við bréfitara um þá möguleika sem eru á uppbyggingu í samræmi við óskir sem fram koma í bréfinu.

1.5. Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands frá 16. október 2012.

Í bréfinu er óskað eftir styrk til kórs Fjölbrautaskóla Suðurlands vegna tónleikaferðar til Danmerkur.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

2. Tæknileg málefni:

2.1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gatnagerðargjald.

Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006 með síðari breytingum.

Lagt fram til kynningar.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Bréf frá Brunavörnum Árnassýslu frá 17. desember 2012.

Með bréfinu fylgdi kaupsamningur og afsal af fasteigninni Árvegi 1, Selfossi en Brunavarnir Árnassýslu er kaupandi.

Fulltrúaráð Brunavarna Árnassýslu hefur samþykkt kaupsamninginn með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga.

Bæjarráð samþykkir kaupsamninginn fyrir sitt leyti.

4. Fundargerðir til kynningar:

4.1. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 12. desember 2012.

4.2. Skólaskrifstofu Suðurlands frá 17. október og 7. desember 2012.

4.3. Almannaþingir Árnassýslu frá 14. desember 2012

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:10

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)